



Reykjavíkurborg
Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 31. ágúst 2020
R20030145

Borgarráð

Styrkur til Nýsköpunarvinnunnar árið 2020

Lagt er til að borgarráð samþykki að styrkja Nýsköpunarvinnuna árið 2020 um 1 m.kr.

Nýsköpunarvinnan er ný hátíð í Reykjavík sem verður haldið dagana 30. september - 7. október 2020. Markmiðið er að auka aðgengi og sýnileika nýsköpunar á Íslandi, gefa fyrirtækum og sprotum tækifæri á að kynna eigin nýsköpun og deila þekkingu úr nýsköpunarsamfélaginu með almenningi. Kostnaðurinn verður færður af kostnaðarstað 09207.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:
Erindi til borgarráðs vegna Nýsköpunarvinnunnar 2020, ódags.


Erindi til Borgarráðs V. Nýsköpunarvikan 2020

Nýsköpunarvikan leggur fram styrkbeiðni til Reykjavíkurborgar um 5.000.000 árlegt framlag til næstu þriggja ára. Ætlunin er að standa straum af stofnkostnaði og uppbyggingu Nýsköpunarvikunnar til frambúðar í Reykjavík.

Nýsköpunarvikan er ný hátíð í Reykjavík sem verður haldin dagana 30. september. - 7. október næstkomandi. Markmiðið er að auka aðgengi og sýnileika nýsköpunar á Íslandi, gefa fyrirtækjum og sprotum tækifæri á að kynna eigin nýsköpun og deila þekkingu úr nýsköpunarsamfélaginu með almenningi. Hátíðin samanstendur af þremur meginstöðum; Nýsköpunarvikunni sjálfri, hakaþoni og Startup Iceland ráðstefnunni.

Gestum Nýsköpunarvikunnar býðst að sækja ótal skemmtilega og fræðandi viðburði út um alla borg sér að kostnaðarlausu. Þannig gefst kostur á að kynnast frumkvöðlastarfsemi innan fyrirtækja í atvinnulífinu en líka þeirri fjölbreyttu flóru sem einkennir íslenska frumkvöðla og sprotafyrirtæki. Sem dæmi um ólíka viðburði í burðarliðnum eru Hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands, morgunverðir í frumkvöðlasetrum (e. community breakfast), Nýsköpunardagur Hins Opinbera og frumkvöðlasjósund.

Nýsköpunarvikan verður þannig samsett af spennandi viðburðum, fyrirlestrum og uppákomum tengdum nýsköpun, þvert á allar atvinnugreinar og skiptist í eftirfarandi flokka: opinbera stjórnarsýslu, upplýsingatækni, heilsu, fjármál, orku og umhverfi, skapandi greinar,



nýsköpunarvikan


ferðapjónustu og sjávarútveg. Markmiðið er að Nýsköpunarvikan geti ýtt undir atvinnuþróun og atvinnusköpun innan Reykjavíkurborgar með því að gefa nýsköpunar og rannsóknarstarfsemi í atinnulífinu meira vægi.

Ætlunin er að Nýsköpunarvikan verði hátíð sem sprettur upp út um alla borg, en sé ekki einskorðuð við eitt húsnæði eða ráðstefnusal. Hér er gott að nefna dæmi um hátíðir eins og HönnunarMars, Vetrarhátíð og Iceland Airwaves sem allar hafa sett mikinn svip á borgarlífið og skapað ákveðna stemningu í gegnum tíðina.

Lykilsamstarfsaðilar: Helstu samstarfsaðilar Nýsköpunarvikunnar eru Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Háskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík. Aðrir samstarfsaðilar yrðu fyrirtæki og stofnanir sem vilja bæði gerast styrktaraðilar og taka frekari þátt, til að mynda með viðburði eða annarskonar aðkomu. Einnig sprotafyrirtæki sem vilja kynna starfsemi sína og frumkvöðlasetur sem geta lagt til húsnæði og boðið heim.

Hvað varðar aðkomu Reykjavíkurborgar þá lítum við á borgina sem burðarstólpa hátíðarinnar enda hugmyndin sótt í svipaðar fyrirmyndir erlendis, s.s. Oslo Innovation Week, Stockholm Tech Week og Copenhagen Fintech Week. Valin svið gætu til dæmis borið ábyrgð á því að leggja til efni í dagskrá mismunandi daga, koma með áskoranir í hakaþon eða útvega heimilislausum viðburðum húsnæði. Opnunarviðburðurinn gæti jafnframt verið í boði borgarinnar.

Teymi: Að Nýsköpunarvikunni standa stjórnendur, verkefnastjórar og fjárfestar sem hafa mikla reynslu af vinnu innan nýsköpunarsamfélagsins bæði hér á landi og erlendis. Melkorka Sigríður Magnúsdóttir og Edda



nýsköpunarvikan

Konráðsdóttir eru framkvæmdastjórar Nýsköpunarvikunnar og búa yfir reynslu af verkefnastjórnun, fjármögnun og viðburðastjórnun bæði úr vinnu sinni hjá Icelandic Startups og gegnum sjálfstætt starfandi verkefni innan tæknigeirans og skapandi greina. Freyr Hólm Ketilsson, fyrirtækjafrumkvöðull, fjárfestir og stjórnandi til margra ára er hugmyndasmiðurinn bakvið hátíðina og mun koma til með að stýra hakkaponinu sem fer fram 3-4. október. Bala Kamallakharan er frumkvöðull, fjárfestir, mentor og fyrirlesari með margra ára reynslu úr nýsköpunarheiminum. Hann er stofnandi Startup Iceland ráðstefnunnar sem haldin verður í Grósku í ár og mun slá botninn í Nýsköpunarvikuna.

Fjármögnun: Ætlunin er að fjármagna hátíðina með styrkjum frá ríki og borg auk þess að sækja fjármagn til þeirra fyrirtækja sem taka þátt. Þannig er áætlað að lágmarki komi helmingur kostnaðar frá fyrirtækjum og að hámarki helmingur frá opinberum aðilum. Þannig er t.d. beiðni um 5.000.000kr. styrk til Reykjavíkurborgar einungis um 20% af heildarkostnaði.

Kostnaður	
Verkefnastýring	9.000.000
Hönnun vörumerkis og markaðsefnis	1.500.000
Hönnun og uppsetning vefs og utanumhald	1.850.000
Húsnæði v. Viðburða	1.000.000
Veitingar	1.500.000
Almannatengsl	1.000.000
Auglýsingar	2.500.000
Startup Iceland	5.000.000
Annar kostnaður	1.500.000
Samtals	24.850.000




nýsköpunarvikan

Staða Nýsköpunarvikunnar 16. júní 2020

Skipulagning og mótun Nýsköpunarvikunnar er komin á fullt skrið en eftirfarandi upplýsingar liggja fyrir að svo stöddu.

- 30. september - Opnunarhóf hátíðarinnar
- 3.-4. október - Lausnarmót í Háskólanum í Reykjavík
- 6. október - Startup Iceland ráðstefnan í Grósku
- Nordic Startup Awards - Íslensku úrslitin
- Hádegisviðburður og opið hús í CCP
- Málþing á vegum Verkís um nýsköpun í íslenskri verkfræði
- Málþing á vegum Space Nation um nýsköpun í geimiðnaði á Íslandi
- Frumkvöðlasjósund Feed the Viking
- Nýsköpunardagur hins opinbera á vegum Fjármálaráðuneytisins og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands
- Ýmsir viðburðir á vegum Háskóla Íslands, morgungöngur, hádegiserindi og kynningar
- Opin hús í frumkvöðlasetrum; Musterið, Fjártækniklasinn, Sjávarklasinn, Íslenski Ferðaklasinn, Innovation House og fleiri áhugasamir

Þá er í mótun sýningin Matarmessan, sem einblínir á vörubrúun og nýsköpun í matvælaíðnaði í samstarfi við Samtök Iðnaðarins. Stór og smá fyrirtæki í landbúnaði og sjávarútvegi munu koma til með að bjóða gestum og gangandi upp á smakk af því helsta sem þau eru að þróa innanhúss.



nýsköpunarvikan

Loks eru ótaldir þeir fjölmörgu aðilar sem við erum í viðræðum við um frekari viðburði og aðkomu að hátíðinni.

